



T-501-SUST

SJÁLFBÆRNI

6 ECTS

|                                 |  |
|---------------------------------|--|
| <b>Ár:</b>                      | 3. ár.   |
| <b>Önn:</b>                     | Haustönn. <i>Kennt í fyrsta sinn á haustönn 2021.</i>                  |
| <b>Stig námskeiðs:</b>          | 2. Grunnám, framhaldsnámskeið.   |
| <b>Tegund námskeiðs:</b>        | Skyldunámskeið fyrir allar námsbrautir.                                |
| <b>Nauðsynlegir undanfarar:</b> | Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa lokið 2 árum í verkfræðinámi.    |
| <b>Skipulag:</b>                | Kennt í 12 vikur – 6 kennslustundir vikulega, skipulag tilkynnt síðar. |
| <b>Umsjónarkennari:</b>         | Hlynur Stefánsson.   |
| <b>Kennari:</b>                 | NN.  |

#### Lærdómsviðmið:

Eftir að hafa lokið þessu námskeiði eiga nemendur að hafa öðlast:

- Yfirsýn yfir þær breytingar sem munu eiga sér stað á næstu árum vegna loftslagsbreytinga og aðgerðir til lágmörkunar á þeim.
- Þekkingu á helstu verkfærum til að meta stöðu og auka sjálfbærni verkefna, afurða og ferla.
- Þjálfun við að beitingu verkfærum.
- Hæfni til að greina sjálfbærnistarf fyrirtækja/stofnanna, geta sett fram stefnu og markmið fyrirtækis/stofnunar með sjálfbærni viðmiðum ásamt áætlun um innleiðingu og leita sjálfbærra lausna.

#### Lýsing:

Í námskeiðinu verður fjallað um hugtakið sjálfbæra þróun og þá hugmyndafræði sem liggur því að baki. Rætt verður um áhrif einstaklinga og fyrirtækja á sívaxandi ágang náttúruauðlinda og hlýnun jarðar. Þá verður fjallað um þá áskorun að leita leiða til lausna svo að samfélagið geti haldið áfram að mæta sínum þörfum án þess að ganga á þolmörk jarðarinnar eða möguleika komandi kynslóða.

Skoðað verður hverjar eru helstu orsakir umhverfisvandamála og þýðingu þeirra bæði í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Greindir verða hvaða hvatar eru til staðar í samfélaginu fyrir fyrirtæki að huga að sjálfbærni og hin ýmsu verkfæri kynnt, s.s. staðlað kolefnisbókhalð (GHG Protocol), lífsferilsgreining (LCA), ISO 14001, umhverfismerki og samfélagsskýrslur. Þá er sjónum beint að þeim samfélagslegu þáttum sem hafa áhrif á sjálfbærni eins og t.d. mannréttindi og jafnrétti og efnahagslegra þátta. Velt verður upp spurningum á borð við hvað felst í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og hvornig geta þau lagt mat á stöðu sína.

Markmiðið er að nemendur geti greint sjálfbærni starf fyrirtækja/stofnanna, geti unnið stefnumörkun í anda sjálfbærni viðmiða, sett markmið og skilgreint mælikvarða, og gert verkáætlun um innleiðingu hennar. Einnig að tengja helstu álitamál tengd sjálfbærri þróun við verkfræði og öðlist færni til að leita sjálfbærra lausna. Að lokum að gera sér grein fyrir þeim siðferðislegum skyldum sem á þeim hvíla að starfa sem sérfræðingur fyrir almannahag.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Tilkynnt síðar.

**Námsmat:** Tilkynnt síðar.

**Tungumál:** Tilkynnt síðar.

#### Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.